



Verzlun færir meira inn fyrir landsteinana

Kortanotkun Íslendinga jókst um 1,6% milli ára í október og er sú aukning alfarið drifin af aukinni verslun innanlands.

Velta innlendra greiðslukorta jókst um 1,6% að raunvirði milli ára í október. Velta í verslunum hér á landi jókst um 3,5% milli ára miðað við fast verðlag en dróst saman um 4,8% í viðskiptum erlendis miðað við fast gengi. Til samanburðar var vöxturinn 13% erlendis og 3% í verslunum hér á landi í október í fyrra. Verulega hefur hægt á kortaveltu erlendis og vöxtur í október því eingöngu kominn til vegna aukningar í kortaveltu í verslunum innanlands.

Minna keypt í útlöndum, meira verslað innanlands


Fyrir ári síðan var framlag erlendis og í verslunum hér á landi jafn mikið til vaxtarins í kortaveltu sem þá mældist 5% milli ára. Í ár hefur orðið breyting á þeirri þróun í takt við færri utanlandsferðir Íslendinga, en brottfarir Íslendinga um Leifsstöð voru í október 11% færri en í október fyrir ári síðan. Minna er því verslað erlendis eða í gegnum erlendar netverslanir, og meira verslað hér á landi sem hefur að óbreyttu orðið hagstæðara í takt við veikara gengi íslensku krónunnar. Miðað við þróunina síðustu mánuði má því gera ráð fyrir því að jólaverslunin í ár fari í auknum mæli fram hér á landi og verslunarferðir til útlanda fyrir jólin verði færri en í fyrra.

Innflutningur á neysluvörum jókst í september

Innflutningur á neysluvörum jókst verulega í september, sem gæti skýrt að einhverju leyti aukna kortaveltu í október. Verðmæti innfluttra neysluvara jókst alls um 7% milli ára sem er mesti vöxtur sem hefur mælst síðan í október í fyrra. Mestu munar um innflutning á varanlegum neysluvörum, svo sem heimilistækjum, sem jókst um 20% milli ára og skýrir 4% af vextinum.


Varasamt er að lesa of mikið í bráðabirgðatölur Hagstofunnar um þróun einstakra mánaða, en engu að síður er þetta vísbending um að innflutningur sé að aukast eftir stöðugt samdráttarskeið síðan í apríl á þessu ári. Innfluttar vörur eru um þriðjungur af neyslu heimila samkvæmt rannsóknum

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Hagstofunnar á útgjöldum þeirra og því gætum við séð aukna neyslu á næstu mánuðum ef fram heldur sem horfir.

Aukning í veltu smásöluverslana

Nýlega voru birtar tölur um veltu í smásöluverslunum samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum í júlí og ágúst sem gefa til kynna örllítið meiri vöxt en við höfum séð milli ára á síðustu tveimur uppgjörstímabilum. Í júlí og ágúst jókst veltan um 4% að raunvirði milli ára en á sumar- og vormánuðum jókst veltan um 1% að raunvirði. Aukningin í júlí og ágúst í ár er einnig meiri en mældist milli ára í júlí og ágúst í fyrra.


Það eru því vísbendingar um að ekki sé um algjöra stöðnun í neyslu að ræða og jafnvel gæti þetta gefið til kynna kraftmeiri vöxt í einkaneyslu á seinni hluta árs en við höfðum áður spáð. Flestir greiningaraðilar hafa verið sammála um að hægi á vexti einkaneyslu á árinu og spáðum við 1,8% vexti á yfirstandandi ári samkvæmt nýútgefni [Þjóðhagsspá](#). Áhugavert verður að sjá hver vöxtur einkaneyslu verður á þriðja ársfjórðungi þegar þær tölur birtast frá Hagstofunni síðar í mánuðinum.

Innflutningur á neysluvörum og framlag undirliða



Mælt á föstu gengi.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Velta smásöluverslana



Velta eftir uppgjörstímabilum samkvæmt VSK-skýrslum. Verslun með vélknúin ökutæki undanskilin (ÍSAT nr. 47). Raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.